



Borgarstjórn

Heildaryfirlit um stöðu leikskólamála

Neðangreint er yfirlit yfir stöðu leikskólamála hjá Reykjavíkurborg. Upplýsingar miðast við 13. september 2023. Upplýsingar eru fengnar og yfirfarnar af Skóla- og frístundasviði og eignaskrifstofu varðandi fjárfestingaráætlun og viðhaldsverkefni.

1. Upplýsingar um stöðu úthlutunar plássna í leikskólum Reykjavíkur fyrir haustið 2023

Úthlutun í borgarrekna leikskóla fyrir skólaárið 2023 – 2024 sem hófst um miðjan mars sl. hefur gengið vel og hefur 1704 börnum verið úthlutað plássna. Enn eru 105 börn á biðlista sem voru orðin 18 mánaða þann 1. september síðastliðinn, en þann 20. júní sl. voru þau 191. Fjöldi barna á biðlista sem voru 12 mánaða og eldri þann 13. september sl. er 648, en var 803 þann 20. júní sl.

Ekki er hægt að kalla eftir eldri biðlistum upp úr Völunni en upplýsingarnar hafa verið teknar reglulegar saman. Þann 26. ágúst 2022 voru 583 börn, án milliflutninga, á biðlistunum. Þann 19. ágúst 2021 voru 597 börn á biðlista.

Laus pláss í Reykjavík miðað við 13. september 2023 eru 153. Þau voru 48 þann 20. júní 2023. Af þessum 153 plássum eru 14 í Bergi á Kjalarnesi og Ungbarnaleikskólinn við Hallgerðargötu hefur bæst við. Þar verða til 60 pláss á komandi vikum og búið er samþykktja vistun fyrir 20 börn. Þar af leiðandi eru 40 pláss þar sem á eftir að útdeila en það verður gert þegar nær dregur opnun leikskólans

Stöðugt er unnið að því að bjóða í laus pláss í leikskólum Reykjavíkur og er það tímafrek vinna sem unnin er í samstarfi við foreldra. Vegna jafnræðisreglu er elstu börnum biðlistans boðin þau pláss sem eru laus í borginni. Þar af leiðandi fá þessi börn boð um pláss þvert á hverfi og í leikskóla sem voru ekki endilega hluti af þeirra vali í upphaflegri umsókn um leikskóla. Svo er haldið áfram niður biðlistann eftir aldri barna. Forgangsbörn raðast í kennitöluröð, efst á biðlistann.

Úthlutun í sjálfstætt starfandi leikskóla er enn ekki að fullu lokið. Upplýsingar um fjölda lausra plássna þar eða hvaða börn munu hefja þar vistun í haust er ekki fyrirliggjandi þar sem sjálfstætt starfandi leikskólar eru ekki inn í skráningarkerfum borgarinnar. Börn sem eru að fara að hefja vistun í sjálfstætt starfandi leikskólum en eru á biðlista eftir borgarreknun leikskólum detta ekki út af biðlistanum fyrr en vistun hefst í sjálfstætt starfandi leikskólunum. Ljóst er að hluti þessara 648 barna sem ekki eru í leikskóla í Reykjavík í dag eru með vilyrði fyrir leikskólaplássna í sjálfstætt starfandi leikskóla þó að vistun sé ekki hafin. Ekki er vitað að svo stöddu hver sá fjöldi er. Áætla má að 80-150 reykvísk börn fái úthlutað plássna hjá



sjálfsstætt starfandi leikskólum á næstunni og á komandi vetri. Þá má gera ráð fyrir að flest þeirra 375 barna sem skráð voru í vistun hjá dagforeldrum þann 1. september 2023 séu á biðlista eftir leikskólaplássi.

Yngsti aldur barna, annarra en forgangsbarna, sem komast inn í borgarrekna skóla er mismunandi eftir hverfum. Sjá nánari upplýsingar í meðfylgjandi yfirliti Fjöldi barna sem hafa fengið boð um vistun í borgarrekna skóla miðað við 10. ágúst 2023 og eru með samþykktan forgang eru 171. Þau eru að jafnaði yngri en 18 mánaða. Samkvæmt reglum um leikskólalþjónustu má sækja um forgang ef sérstakar aðstæður mæla með því.

Sækja má um forgang vegna:

1. Barna sem eru orðin 5 ára.
2. Fatlaðra barna og barna með skilgreind þroskafrávik.
3. Barna sem búa við erfiðleika í félagsumhverfi.
4. Barna starfsfólks í leikskólum Reykjavíkurborgar.
5. Barna starfsfólks í sjálfstætt starfandi leikskólum Reykjavíkurborgar í viðkomandi leikskóla.

Þá er umtalsverður fjöldi barna, yngri en 18 mánaða, sem fengið hefur inni á sjálfstætt starfsandi leikskólum, m.a. ungbarnaleikskólum. Endanlegar tölur um fjölda þeirra liggja þó ekki fyrir. Hér fyrir neðan er sundurgreining á stöðu innritunar eftir hverfum í borgarreknum leikskólum. Fjöldi lausra plássanna og hversu mörg pláss vantar til að bjóða öllum 12 mánaða og eldri, og öllum 18 mánaða og eldri miðað við september 2023. Einnig er tilgreindur yngsti aldur sem unnið er með í viðkomandi hverfi.

Samtals:

Fjöldi lausra plássanna: 153

Fjöldi 12 mánaða og eldri á biðlista: 648

Fjöldi 18 mánaða og eldri á biðlista: 105

Vesturbær

Fjöldi lausra plássanna: 24

Fjöldi 12 mánaða og eldri á biðlista: 81

Fjöldi 18 mánaða og eldri á biðlista: 14

Yngsti aldur sem hefur fengið boð: 19 mánaða.*

Miðborg

Fjöldi lausra plássanna: 8

Fjöldi 12 mánaða og eldri á biðlista: 27

Fjöldi 18 mánaða og eldri á biðlista: 5

Yngsti aldur sem hefur fengið boð: 21 mánaða.*

Hlíðar

Fjöldi lausra plássanna: 22

Fjöldi 12 mánaða og eldri á biðlista: 63

Fjöldi 18 mánaða og eldri á biðlista: 9

Yngsti aldur sem hefur fengið boð: 18 mánaða.*

Laugardalur

Fjöldi lausra plássanna: 57



Reykjavíkurborg

Fjöldi 12 mánaða og eldri á biðlista: 110
Fjöldi 18 mánaða og eldri á biðlista: 8
Yngsti aldur sem hefur fengið boð: 18 mánaða.*

Háaleiti – Bústaðir

Fjöldi lausra plássu: 9
Fjöldi 12 mánaða og eldri á biðlista: 98
Fjöldi 18 mánaða og eldri á biðlista: 26
Yngsti aldur sem hefur fengið boð: 19 mánaða.*

Breiðholt

Fjöldi lausra plássu: 14
Fjöldi 12 mánaða og eldri á biðlista: 75
Fjöldi 18 mánaða og eldri á biðlista: 14
Yngsti aldur sem hefur fengið boð: 18 mánaða.*

Árbær

Fjöldi lausra plássu: 1
Fjöldi 12 mánaða og eldri á biðlista: 57
Fjöldi 18 mánaða og eldri á biðlista: 6
Yngsti aldur sem hefur fengið boð: 18 mánaða.*

Grafarholt - Úlfarsárdalur

Fjöldi lausra plássu: 4
Fjöldi 12 mánaða og eldri á biðlista: 48
Fjöldi 18 mánaða og eldri á biðlista: 5
Yngsti aldur sem hefur fengið boð: 18 mánaða.*

Grafarvogur

Fjöldi lausra plássu: 0
Fjöldi 12 mánaða og eldri á biðlista: 84
Fjöldi 18 mánaða og eldri á biðlista: 18
Yngsti aldur sem hefur fengið boð: 19 mánaða.*

Kjalarnes

Fjöldi lausra plássu: 14
Fjöldi 12 mánaða og eldri á biðlista: 5
Fjöldi 18 mánaða og eldri á biðlista: 0
Yngsti aldur sem hefur fengið boð: 19 mánaða.*

*Eingöngu börn með vistunarumsókn. Ekki forgangsumsóknir og ekki flutningsumsóknir.

2. Staða mönnunar í leikskólum Reykjavíkur

Þann 22. ágúst sl. var búið að ráða í 92,8% grunnstöðugilda í leikskólum Reykjavíkurborgar en átti eftir að ráða í rúmlega 109 grunnstöðugildi. Vöntun á starfsfólki hefur áhrif á inntöku barna í leikskólanna. Eftir því sem ráðningum miðar áfram hefja þau börn sem er búið að bjóða vistun aðlögun.



Í leikskólum Reykjavíkur er hlutfall leikskólakennara og annarra með leyfisbréf kennara rúmlega 24%. Samanlagt hlutfall leikskólakennara, starfsfólks með aðra uppeldismenntun og starfsfólks með aðra háskólamenntun er tæplega 48%. Samkvæmt lögum um leikskóla (2008) á hlutfallið að miða við að leikskólakennara séu 2/3 af öllu starfsfólki leikskóla eða tæplega 67%. Það er mikil áskorun fyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu að ná þessu hlutfalli og öll eiga þau langt í land með það. Það er markmið Reykjavíkur að hækka faghlutfall leikskólakennara í leikskólum Reykjavíkur og mun halda áfram í þeirri viðleitni með því að hvetja fólk til náms í leikskólakennarafræðum og laða leikskólakennara til starfa í leikskólum Reykjavíkur.

3. Staða leikskólaframkvæmda

Unnið er að því að koma alls 804 nýjum leikskólaplássum í notkun á tímabilinu júní 2023 til ársloka 2024, en þar að auki eru tvö verkefni í skoðun með 190 - 250 pláss. Þetta eru verkefni sem eru í framkvæmd, eða þar sem undirbúningur er vel á veg kominn og tillaga um skipulagsbreytingar í vinnslu eða ferli.

Til viðbótar er gert ráð fyrir því að haustið 2024 muni all nokkrum plássum vera úthlutað til nýrra barna, þar sem verklok hafa þegar átt sér stað en plássin verið notuð undir starfsemi leikskóla sem voru í brýnni viðhaldspörf.

Önnur verkefni eru síðan í vinnslu sem munu síðar skila nýjum plássum í leikskólum eða viðbyggingum við starfandi leikskóla, eða Funaborg, Hof, Kvistaborg, Laugasól, Miðborg, Safamýri, Skerjafjörður, Sæborg, Vogabyggð og Völvufell. Áætlunin felur eftirfarandi í sér:

3.a. Verklök 2023, samtals 224 pláss

1. Kirkjusandur, nýr leikskóli, 60 ný pláss, inntaka hefst í byrjun október 2023.*
2. Sjálfstætt starfandi leikskólar, 164 ný pláss frá hausti 2023 fram á sumar 2024.**

* Fyrirvari er settur um nýtingu. Reynslan sýnir að á fyrsta starfsári næst ekki full nýting á plássum. Raunhæft er að miða við 60% nýtingu í upphafi og upp undir 80% af rekstrarleyfi að ári liðnu.

** Fyrirvari er settur um nýtingu plássanna þar sem að nýting SSL er tæplega 80% af rekstrarleyfum.

3.b. Verklök 2024, samtals 580 pláss

1. Ævintýraborg Vörðuskóla, nýr tímabundinn leikskóli, 90 ný pláss þar af 25 til 30 í sérstakri einingu sem kemur í stað Njálsgarðar sem búið er að loka, áætlað er að framkvæmum ljúki vor/sumar 2024.
2. Ævintýraborg Laugardal, tímabundinn leikskóli á lítt notuðu bílastæði við íþróttasvæði í Laugardalnum, 120 ný pláss, áætluð verklök haustið 2024.
3. Ævintýraborg Fossvogi, tímabundinn/varanlegur leikskóli á reit sem borgin keypti nýverið og hýsti áður gömul íbúðarhús, 150 pláss, áætluð verklök í árslok 2024.
4. Ævintýraborg við Ölduselsskóla, tímabundin leikskóli á lóð Ölduselsskóla, 150 ný pláss, áætluð verklök í árslok 2024.
5. Stakkaborg, færanlegar stofur við starfandi leikskóla, 40 ný pláss, áætluð verklök haustið 2024
6. Hulduheimar, færanlegar stofur við starfandi leikskóla, 30 ný pláss, áætluð verklök í árslok 2024.

3.c. Verkefni í mótun/skoðun með verklök 2024

1. Ævintýraborg Engjavegi, tímabundinn leikskóli á ónýttum reit við Engjaveg, allt að 150 ný pláss, ef farið er í verkefnið gætu verklök verið haustið 2024.



2. Ævintýraborg Vesturbæ, tímabundinn leikskóli til að taka við börnum úr Vesturborg svo hægt sé að fara í stækkun þar, 100 pláss þar af 40 ný pláss og 60 pláss til viðbótar sem verða notuð undir börn úr Vesturborg, ef farið verður í verkefnið gætu verklok verið haustið 2024.

Hafa þarf í huga að fyrirvarar eru við dagsetningar um verklok, m.a. er varðar tíma skipulagsbreytinga, niðurstöður útboða og getu markaðarins til að afhenda vörur og vinnu á tíma. Mönnun getur síðan haft áhrif á það hvenær hægt er að taka börn inn af biðlistum. Þá er fyrirvari um nýtingu rekstrarleyfa á fyrsta starfsári.

3.d. Verkefni með áætluð verklok ársbyrjun 2025 og til ársloka 2026

Funaborg

Til stendur að reisa viðbyggingu við húsið. Unnið hefur verið að því að finna starfseminni húsnæði til að hægt sé að hefja framkvæmd við stækkun skólans. Færa þarf starfsemina í nýtt húsnæði til að framkvæmdir geti hafist. Verkhönnun er langt komin og útboðsgögnin að mestu tilbúin.

Hof

Til stendur að bæta viðbyggingu við húsið. Finna þarf starfseminni nýtt húsnæði til að hægt sé að hefja framkvæmdir. Frumathugun er í vinnslu.

Kvistaborg

Til stendur að bæta viðbyggingu við húsið. Staðfesta þarf bráðabirgðahúsnæði fyrir starfsemina til að framkvæmdir geti hafist.

Klambrar

Verið er að meta kostnað við stækkun leikskólans, og því hefur ekki verið tekið ákvörðun um fýsileika verkefnisins.

Laugasól - Laugaborg

Til stendur að stækka húsið. Starfsemi Laugasólar mun flytja í Safamýri um leið og það húsnæði losnar. Verið er að endurmeta kostnaðaráætlunina áður en farið verður í útboð.

Miðborg

Bygging nýs leikskóla, en búið er að bjóða framkvæmdina tvisvar út, í fyrra skipti barst ekkert tilboð og í seinna skiptið bárust tilboð sem voru mun hærri en kostnaðaráætlun. Vegna þessa er verið að endurskoða hönnunina með tilliti til byggingarmáta og er vonast til að jarðvegsvinna geti hafist í haust.

Safamýrarskóli

Til stendur að breyta húsinu verulega og auka fjölda barna sem þar komast fyrir. Stefnt er að því að leikskólinn muni rúma 120 börn. Húsið er notað sem bráðabirgðaúrræði fyrir leikskóla í framkvæmdum þangað til a.m.k. síðla árs 2024. Útboðsgögn eru tilbúin til auglýsingar um leið og húsið losnar fyrir framkvæmdir.

Skerjafjörður

Á áætlun er að byggja nýjan leikskóla í Skerjafirði á skólalóð þar sem einnig mun rísa grunnskóli.

Sæborg

Verið að skoða sviðsmyndir til stækkunar skólans. Fornleifaskoðun var unnin í júlí og verður verkhönnun og lóðahönnun unnin í framhaldinu.

Vesturborg

Til stendur að rífa eitt hús á lóð skólans og endurnýja annað og stækka. Verið er að vinna forsögn og valkostagreiningu stækkunarmöguleika út frá byggingum á reitnum. Flytja þarf starfsemina í annað húsnæði til að framkvæmdir geti hafist.



Vesturbær

Verið er að skoða ýmsa valkosti fyrir staðsetningu tímabundins eða langtíma leikskólahúsnæði. Auglýst hefur verið eftir húsnæði til leigu og ýmsir reitir sem hægt væri að byggja á hafa verið skoðaðir og útilokaðir. Nokkrir valkostir eru enn í vinnslu m.a. landhelgisgæslureitur en þar er verið að skoða stóran leikskóla við uppbyggingu á reitnum. Steinaborg myndi væntanlega færast þar inn og núverandi hús flutt.

Vogabyggð

Í undirbúningi er bygging nýs leikskóla og grunnskóla í Vogabyggð. Hönnunarsamkeppni stendur yfir. Dómnefndarstörf vegna fyrsta áfanga hennar eru að hefjast.

Völvufell

Til stendur að byggja nýjan leikskóla. Forsagnavinnu er að ljúka.

3.e. Viðhaldsframkvæmdir

Eftirfarandi eru þær leikskólaframkvæmdir sem eru í 1. forgangi í viðhalds- og endurnýjunaráætlun:

Hlíð – Sóhlíð

Framkvæmdir í fullum gangi. Verklok áætluð haustið 2024. Húsnæðið lokað á meðan og Ævintýraborg Nauthólsvegi notað til bráðabirgða.

Hlíð – Hlíðarborg

Endurhönnun á lokametrum. Full starfsemi í húsinu en áætlað að hefja framkvæmdir við verklok í Sóhlíð. Hlíð – Sóhlíð verður að líkindum notað sem bráðabirgðahúsnæði á meðan.

Laugasól – Lækjaborg

Mótvægisáðgerðum að mestu lokið. Verið að þarfagreina áður en endurhönnun getur hafist. Framkvæmdir gætu hafist haust 2024.

Sunnuás – Ásborg og Hlíðarendi

Húsunum lokað og starfsemi færð í Kringluna 1 til bráðabirgða. Hreinsun að innan að mestu lokið í Ásborg en beðið er eftir húsakönnun sem segir til um hvort hægt sé að rífa Hlíðarenda. Á lóð Sunnuáss verður sett niður Ævintýraborg – grundun er að hefjast og vænst til þess að hefja þar leikskólastarf í desember. Heildstæð endurhönnun á Sunnuási er í vinnslu.

Garðaborg

Húsi lokað og starfsemi færð í Gömlu Brákarborg. Endurhönnun lokið og stefnt á að framkvæmdir hefjist í október. Búið er að hreinsa innan úr húsinu og stefnt á verklok vorið 2025.

Árborg

Húsi lokað og starfsemi færð í Selásskóla. Hreinsun að innan lokið og hönnun á lokametrunum. Fer fljótlega í útboð til heildarendurnýjunar. Verklok á árinu 2025.

Hálsaskógur – Hálsaborg

Húsi lokað og starfsemi færð í Ævintýraborg Vogabyggð. Hreinsun að innan lokið, hönnun á lokametrum og opnað fyrir útboð á næstunni. Stefnt á verklok vorið 2025.

Ártúnsskóli – Kvarnaborg

Þarfagreining hafin. Þar nýtist hönnunarvinna frá systurhúsi Kvarnaborgar – Grandaborg.

Fífuborg

Mótvægisáðgerðum lokið og endurhönnun lokið. Framkvæmdir hafnar. Stofur innan Húsaskóla nýttar sem bráðabirgðahúsnæði.



Sunnufold – Frosti

Endurhönnun hafin. Stefnt á útboð á heildarendurnýjun á haustmánuðum 2023. Stefnt á verklok á vormánuðum 2025. Stofur innan Húsaskóla mögulega nýttar sem bráðabirgðahúsnæði.

Grandaborg

Endurhönnun að ljúka og verður boðið út í pörtum. Áætluð verklok byrjun árs 2025. Þegar þessum framkvæmdum lýkur opnast fyrir pláss í Hagaborg og Gullborg sem Grandaborg hefur verið að nýta á meðan framkvæmdum stendur.

Þessu til viðbótar var verið að ljúka mótvægisáðgerðum vegna innivistarvandamála í Arnarborg. Sambærilegum áðgerðum í Austurborg er að mestu leyti lokið.

Heildarmynd og spá um nemendafjölda

Búist er við 5618 börnum í borgarrekna leikskóla á komandi skólaári og 1332 börn í sjálfstætt starfandi leikskóla og 5 ára deildir Landakotsskóla og Ísaksskóla. Samtals gera þetta 6950 börn. Hafa þó í huga að hluti þeirra barna sem innritast í sjálfstætt starfandi leikskóla og 5 ára deildir Landakotsskóla og Ísaksskóla geta verið úr öðrum sveitarfélögum. Almennt er hlutfall barna úr öðrum sveitarfélögum í sjálfstætt starfandi leikskólum og 5 ára deildum um 15%.

Innritun á borgarrekna leikskóla Reykjavíkurborgar hefur gengið vel á árinu 2023. 1704 börnum hefur verið úthlutað pláss í borgarreknum leikskólum síðan í mars sl. Ennþá eru 105 börn á biðlista sem voru orðin 18 mánaða þann 1. september sl. en þau voru 191 þann 20. júní. Fjöldi barna á biðlista sem voru orðin 12 mánaða og eldri þann 1. september sl. eru 648 en voru 803 þann 20. júní.

Laus pláss á borgarreknum leikskólum í Reykjavík miðað við 13. september 2023 eru 153 en voru 48 þann 20. júní. Þar af eru 14 laus pláss á leikskólanum Bergi á Kjalarnesi.

Ónýtanleg pláss vegna viðhaldsframkvæmda í leikskólum Reykjavíkurborgar eru 363. Eftir því sem einstaka verkefnum lýkur munu þessi pláss verða nýtanleg aftur.

Uppbygging nýrra leikskólaryma gengur vel og samkvæmt meðfylgjandi yfirliti er unnið er að því að koma alls 804 nýjum leikskólaplássum í notkun á tímabilinu júní 2023 til ársloka 2024. Það eru 224 pláss árið 2023 og 580 pláss árið 2024. Ákvarðanir um frekari fjölgun leikskólaryma umfram þessa áætlun munu byggja á þörf og spám um fjölda barna í einstökum hverfum með það að markmiði að almennt verði hægt að bjóða leikskólapláss í heimahverfi hverrar fjölskyldu.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri